**Ed. 740. Breytingartillögur [223. mál]**

við frv. til l. um breyt. á lögum nr. 30 12. maí 1970, um Húsnæðismálastofnun ríkisins.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni og Auði Auðuns.

1. Við 1. gr.
   a) Í stað „kr. 800 000.00“ í 1. mgr. komi: kr. 900 000.00.
   b) Á eftir orðunum „á vegum sveitarfélaga“ í 2. mgr. komi inn til viðbótar: og annarra þeirra aðila, sem byggja vilja leiguíbúðir.
   c) Ný málsgrein bætist við, er verði 3. mgr., þannig orðuð:
      Byggðasjóður skal kaupa árlega skuldabréf (bankavaxtabréf) samkvæmt 5. gr. til að mæta þeirri fjármagnsþörf, er nemur mismuninum á almennri lánsupphæð samkv. 1. mgr. og hinum sérstöku lánum samkv. 2. mgr. B-liðar.
2. Ný grein bætist við, er verði 2. gr., svo hljóðandi:
   Í stað orðsins „helmingi“ í 2. mgr. 18. gr. komi: fjórðungi.
3. Ný grein bætist við, er verði 3. gr., svo hljóðandi:
   Í stað orðanna „jafnhátt og“ í 2. mgr. 20. gr. komi: þreföld.